

Sp.

52. Tillaga til þingsályktunar

[52. mál]

um launabætur til starfsfólks af ágóða atvinnufyrirtækja.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort fært sé að setja löggjöf, er geri atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru með hagnaði, skylt að verja hluta af ágóða sínum til launauppbóta handa verkamönnum, verkakonum og öðru starfsfólki, sem vinnur í þjónustu þeirra.

Greinargerð.

Mikið er um það rætt, að finna þurfi nýjar leiðir í kjaramálum til að tryggja hag verkafólks og launþega. Hin þrautreynda leið vinnudeilna og verkfalla með tilheyrandi hækkun kaupgjalds í krónutali hefur sýnt æ minni árangur, því að meiri hlutinn af þeirri kaupmáttaraukningu, sem af þess konar kjarabreytingum hefur leitt, hefur aðeins haldizt í mjög skamman tíma vegna eftirfarandi verðhækkana. Er sú saga öll of kunn til þess, að hana þurfi að rekja frekar. Krónufjölgunarleiðina, sem jafnframt skapar verðminni krónur, þyrfti því að reyna að leysa af hólmi með nýjum og árangursríkari aðferðum.

Í kjaradeilum er vinnuveitendum mjög tamt að vitna til þess, að atvinnuvegirnir geti ekki borið hærra kaupgjald. Stundum á þetta við rök að styðjast, en stundum ekki. Segja má, að þegar til lengdar lætur ákvarðist kaup og kjör launþega í meginatriðum af því, sem miðlungsatvinnufyrirtæki í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar geta borgað. Er það algild regla hjá okkur, að sama kaup er greitt fyrir sömu störf hjá hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum án tillits til fjárhagsafkomu þeirra. Verkamaðurinn hefur með öðrum orðum sama kaup, hvort sem hann starfar hjá vinnuveitanda, sem græðir eða tapar. Þótt svo kunni að vera á ýmsum tímum, að raunhæfur grundvöllur fyrir almennar kauphækkningar sé ekki fyrir hendi, geta samt einstök vel rekin atvinnufyrirtæki, er skila hagnaði, verið vel fær um að skila starfsfólki sínu hluta af hagnaðinum í launabætur.

Hlutdeild starfsfólksins í rekstrarhagnaði atvinnufyrirtækjanna væri spor í þá átt að finna réttlátan launagrundvöll án vinnudeilna og verkfalla og þeirra fórna, sem af þeim leiðir. Slíku fyrirkomulagi mundi fylgja nánara samstarf vinnuveitenda og verkafólks. Starfsfólk atvinnufyrirtækjanna mundi með þessa hagnaðarvon fyrir augum leggja sig fram um að bæta úr ágöllum í rekstrinum og benda á leiðir til að koma fyrirtækjunum á sem hagkvæmastan rekstrargrundvöll. Af þessu leiddi væntanlega, að verkafólk fengi íhlutunarrétt um stjórn og rekstur þess fyrirtækis, sem það starfar hjá, en það ætti að geta orðið öllum aðilum til góðs, enda réttmætt, að það séu ekki eingöngu sjónarmið fjármagnseigendanna, sem ríki í stjórn fyrirtækjanna.

Verði lögfestar reglur um hlutdeild starfsfólks í ágóða atvinnufyrirtækjanna, má ætla, að þar skapaðist grundvöllur til sannra launabóta fyrir þúsundir launþega í landi þessu.